

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 8. júlí 2021
UST202106-332/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - endurskoðun - orkuvinnsla og iðnaður - Reykjanes í Grindavík. Umsögn

Vísað er til bréfs Grindavíkurbæjar dags. 28. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að í greinargerðinni sé sett fram stefna um að fyrirhuguð mannvirkjagerð fari fram eins og kostur er í tengslum við núverandi mannvirki í stað þess að taka undir framkvæmdir algerlega óröskuð svæði.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt verði að fella borteiga að landi en í því sambandi mætti einnig huga að lögun borteiga og hvort í vissum tilvikum sé unnt að aðlaga lögun borteiga að landformum og stökum jarðminjum án þess að skerða notagildi borteigsins. Huga mætti að því hvernig staðið verði að frágangi borteiga þegar þeir hafa lokið hlutverki sínu.

Varðandi jarðstrengi telur Umhverfisstofnun að í hrauni eða svæðum þar sem klappir og berg eru á yfirborði og ljóst að verulegt rask myndi fylgja lagningu jarðstrengja á slíku svæði ætti fremur að leggja loftlinur en velja strengleiðir þar sem unnt er að leggja jarðstrengi í lausan jarðveg án fleygunar og annarra aðgerða sem fylgir lagningu jarðstrengja í berg.

Varðandi frágang lóða telur Umhverfisstofnun æskilegt að skermun lóða verði með öðrum hætti en þeim að gróðursetja tré sem óneitanlega myndu stinga í stúf við núverandi ásýnd svæðisins þar sem áhersla er lögð á verndun jarðminja.

Umhverfisstofnun telur tillöguna að öðru leyti góða og greinargerðina ítarlega og vel fram setta.

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Agnes Porkelsdóttir
Sérfræðingur